

Matvælastofnun

B.t. Karls Steinars Óskarssonar, deildarstjóra
Austurvegi 64
800 Selfossi

Sent rafrænt á mast@mast.is

Reykjavík, 16. júní 2026

Andmæli við fráviki í skoðunarskýrslu nr. 4662

Vísað er til skoðunarskýrslu Matvælastofnunar nr. 4662, dags. 16. júní 2026, vegna Hafranness í Reyðarfirði, þar sem skráð er frávik á þeim grundvelli að eldisbúnaður sé utan skilgreinds eldissvæðis.

Kaldvík hf. mótmælir frávikinu.

Frávikið byggir, eftir því sem Kaldvík fær séð, á sömu lagatúlkun Matvælastofnunar og nú er til úrlausnar hjá atvinnuvegaráðuneytinu í stjórnsýslukæru Kaldvíkur vegna frávika í eftirlitsskýrslum nr. 2753 og 2754. Sú kæra varðar þá afstöðu Matvælastofnunar að festingar og/eða annar eldisbúnaður skuli vera innan hnitsetts eldissvæðis samkvæmt reglugerð nr. 540/2020.

Kaldvík hafnar þeirri lagatúlkun og vísar að fullu til þeirra andmæla og sjónarmiða sem félagið hefur þegar komið á framfæri við Matvælastofnun og ráðuneytið.

Kaldvík vekur jafnframt sérstaka athygli á því að ef frávikið í skoðunarskýrslu nr. 4662 er byggt á 30. gr. reglugerðar nr. 540/2020, er sú tilvísun í ósamræmi við síðari röksemdafærslu Matvælastofnunar í máli frávika nr. 2753 og 2754, þar sem stofnunin byggði afstöðu sína einkum á 3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar eftir að Kaldvík hafði bent á að 30. gr. væri lýsingarákvæði um stöðvarskírteini en ekki sjálfstæð efnisregla um staðsetningu festinga.

Þessi nýja frávikaskráning undirstrikar að sú stjórnsýsluframkvæmd sem kærumál Kaldvíkur til ráðuneytisins lýtur að er enn viðhöfð á meðan lagagrundvöllur hennar er til meðferðar hjá ráðuneytinu.

Með vísan til framangreinds er þess krafist að frávik í skoðunarskýrslu nr. 4662 verði felld úr gildi.

Til vara er þess óskað að Matvælastofnun fresti frekari eftirfylgni eða kröfum um úrbætur vegna frávíksins þar til niðurstaða atvinnuvegaráðuneytisins liggur fyrir í yfirstandandi kærumáli Kaldvíkur, enda byggir frávikið á sömu umdeildu lagatúlkun.

Kaldvík áskilur sér allan rétt vegna frávíksins, þ.m.t. rétt til að kæra ákvörðun Matvælastofnunar sérstaklega og til að byggja á öllum þeim sjónarmiðum sem þegar hafa verið færð fram í kærumálinu.

Fyrir hönd Kaldvíkur hf.

Jón Kristinn Sverrisson
Lögfræðingur